

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hvergerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús, 100 m² og stærri, kr. 1 700.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 700.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 190.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 530.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 70 000.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 70 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 52.00 hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 160 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 44.00 hver m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 8 500.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.

Heimild til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 13. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 212.

6. maí 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ólafsvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. maí 1975 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Ólafsvík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Ólafsvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 208—212. Útgáfudagur 28. maí 1975.